

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2013**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 28,7 ma.kr. en var neikvætt um 42,3 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um 19,2 ma.kr. milli ára og gjöld um 10,4 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um tæpan 1 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um tæpa 4 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-september 2013 (m.kr.)**

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	307.114	335.831	323.818	363.604	382.828
Greidd gjöld	384.412	392.127	391.484	402.075	412.468
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-77.298</b>	<b>-56.296</b>	<b>-67.666</b>	<b>-38.471</b>	<b>-29.640</b>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	-11.390	-17.311	260	-3.781	938
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-88.688</b>	<b>-73.607</b>	<b>-67.406</b>	<b>-42.252</b>	<b>-28.702</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>11.826</b>	<b>-31.934</b>	<b>65.752</b>	<b>-30.515</b>	<b>-21.731</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-76.862</b>	<b>-105.541</b>	<b>-1.654</b>	<b>-72.767</b>	<b>-50.433</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-99.096</b>	<b>-140.743</b>	<b>-143.734</b>	<b>-210.624</b>	<b>-91.630</b>
Innanlands	-72.747	-72.837	-56.213	-53.091	-86.734
Erlendis	-26.349	-67.906	-87.521	-157.533	-4.897
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-175.958</b>	<b>-246.284</b>	<b>-145.734</b>	<b>-283.391</b>	<b>-142.063</b>
<b>Lántökur</b>	<b>158.396</b>	<b>291.069</b>	<b>209.982</b>	<b>213.532</b>	<b>67.162</b>
Innanlands	150.945	159.408	85.538	84.817	84.990
Erlendis	7.451	131.661	124.444	128.715	-17.828
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-17.562</b>	<b>44.785</b>	<b>64.594</b>	<b>-69.859</b>	<b>-74.901</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 382,8 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 5,3% aukning frá sama tímabili í fyrra. Niðurstaða janúar-september er 1,6 ma.kr. eða 0,4% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru rúm 90% teknanna, samtals 349,5 ma.kr. sem er 4,6% meira en fyrir ári síðan en 3,7 ma.kr. eða 1,1% undir áætlun.

Í [greinargerð um greiðsluafkomu tímabilsins janúar-ágúst](#), sem birt var fyrir mánuði síðan, var fjallað sérstaklega um skýringar þess að tekjuáætlun ársins í heild er lækkuð í frumvarpi til fjárukalaga þrátt fyrir að innheimtufrávikið sé hverfandi lítið. Þar kemur fram að innheimtufrávikið endurspeglar vissulega í endurmati á tekjuáætlun fjárlaga í þeim tilvikum þar sem innheimtan er góð vísending um tekjuþróunina, en að ýmsir þættir valda því að það er ekki algilt. Stórt tímabundið frávik getur skapast í sköttum á lögaðila vegna staðgreiðslu og fyrirframgreiðslu sem á sér stað fram að álagningu. Álagning á lögaðila var birt 30. október sl. og verða áætlanir um skatta lögaðila, svo og fjármagnstekjuskatt, endurmetnar á næstunni í ljósi hennar. Innheimta septembermánaðar felur á heildina lítið í sér jákvæðar fréttir, einkum hvað varðar óbeina skatta. Óbeinir skattar eru tæpur helmingur



skattteknanna og hafa tekjur af þeim verið undir áætlun allt þetta ár. Uppsafnað innheimtufrávik þeirra frá ársbyrjun er þó minna nú en það hefur verið undanfarna mánuði, eða 3,1%.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga tímabilið janúar-september er 2,0% yfir áætlun fjárlaga og nam 77,9 ma.kr. sem er 7,9% aukning frá því í fyrra. Meiri úttekt á séreignarsparnaði en reiknað hafði verið með skýrir það frávik að hluta til. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um 2,1% á milli ára og nam 22,4 ma.kr. sem er 30,2% yfir áætlun. Samdrátt í tekjuskatti lögaðila á milli ára má að hluta til rekja til samdráttar í svokallaðri eftirstöðvinnheimtu, þ.e. innheimtu sem tengist álagningu fyrri ára, en hún var óvenjumikil í fyrra. Skattur á fjármagnstekjur jókst um 14,7% frá sama tímabili í fyrra og skilaði 24,7 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,7 ma.kr. eða 2,9% yfir áætlun. Jákvætt innheimtufrávik tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts getur gengið til baka þegar áhrifa álagningar á lögaðila fer að gæta, en háar fjárhæðir vegna fjármagnstekjuskatts og fyrirframgreidds tekjuskatts verða þá endurgreiddar lögaðilum.

## Tekjur ríkissjóðs janúar-september 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>300.855</b>	<b>334.038</b>	<b>349.499</b>	<b>2,7</b>	<b>11,0</b>	<b>4,6</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>104.509</b>	<b>116.498</b>	<b>124.917</b>	<b>5,5</b>	<b>11,5</b>	<b>7,2</b>
Tekjuskattur einstaklinga	66.107	72.137	77.870	2,6	9,1	7,9
Tekjuskattur lögaðila	11.113	22.825	22.355	24,9	105,4	-2,1
Skattur á fjármagnstekjur	27.290	21.536	24.692	6,0	-21,1	14,7
<b>Eignarskattar</b>	<b>5.542</b>	<b>9.249</b>	<b>9.166</b>	<b>16,0</b>	<b>66,9</b>	<b>-0,9</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>131.485</b>	<b>146.367</b>	<b>151.992</b>	<b>-1,6</b>	<b>11,3</b>	<b>3,8</b>
Virðisaukaskattur	83.498	93.046	96.855	-5,7	11,4	4,1
Vörugjöld af ökutækjum	1.995	3.160	3.434	71,8	58,4	8,7
Vörugjöld af bensíni	9.181	9.002	8.942	4,2	-2,0	-0,7
Skattar á olíu	4.716	5.103	5.189	0,8	8,2	1,7
Áfengisgjald og tóbaksgjald	11.575	12.327	12.891	3,9	6,5	4,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	20.520	23.730	24.681	6,2	15,6	4,0
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>4.887</b>	<b>5.360</b>	<b>3.739</b>	<b>4,2</b>	<b>9,7</b>	<b>-30,2</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>5.873</b>	<b>8.040</b>	<b>9.159</b>	<b>1,8</b>	<b>36,9</b>	<b>13,9</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>48.558</b>	<b>48.524</b>	<b>50.526</b>	<b>7,9</b>	<b>-0,1</b>	<b>4,1</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>673</b>	<b>643</b>	<b>260</b>	<b>13,6</b>	<b>-4,6</b>	<b>-59,5</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>21.855</b>	<b>27.607</b>	<b>32.401</b>	<b>-8,6</b>	<b>26,3</b>	<b>17,4</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>657</b>	<b>1.316</b>	<b>669</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>324.041</b>	<b>363.604</b>	<b>382.828</b>	<b>-3,9</b>	<b>12,2</b>	<b>5,3</b>

Eignarskattar drógust saman um 0,9% á milli ára og námu samtals 9,2 ma.kr. sem er 8,0% minna en áætlað var í fjárlögum. Þar af nam auðlegðarskattur 4,5 ma.kr. sem er 8,6% undir áætlun og stimpilgjöld 2,8 ma.kr. sem er 2,8% undir áætlun. Frávik eignarskatta frá áætlun skýrist því að mestu leyti af minni innheimtu auðlegðarskatts en gert hafði verið ráð fyrir, en hér er þó einkum um að ræða fyrirframinnheimtu upp í álagningu. Neikvætt frávik í innheimtu auðlegðarskatts hefur verið nokkuð mikið undanfarið en hefur þó minnkað frá



síðasta mánuði og mun að öllum líkindum halda áfram að ganga til baka út árið. Auðlegðarskattur jókst um 11,4% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 18,9%. Erfðafjárskattur skilaði ríkissjóði 1,4 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 0,5 ma.kr. eða 25,8% undir áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu, öðru nafni veltuskattar, eru 4,9 ma.kr. eða 3,1% undir tekjuáætlun og námu samtals 152,0 ma.kr. sem er aukning um 3,8% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 96,9 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 4,1% frá því í fyrra. Virðisaukaskattur er 4,0 ma.kr. eða 4,0% undir áætlun. Almenn vörugjöld námu 4,2 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. eða 14,9% undir áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 8,7% á milli ára og námu þau 3,4 ma.kr. sem er 1,4% yfir áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er hins vegar 3,0% undir áætlun en þau námu 8,9 ma.kr. sem er mjög svipað og í fyrra. Tekjur af olúgjaldi námu 5,2 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og aukning um 1,7% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,4 ma.kr. á tímabilinu en það dróst saman um 4,0% á milli ára og frávik þess frá áætlun er neikvætt um 13,6%. Innheimta kolefnisgjalds er þó nokkuð breytileg milli mánaða vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðslukerfis. Bifreiðagjaldið skilaði 6,3 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 4,5% minna en áætlað var.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 12,9% frá því í fyrra og námu 4,4 ma.kr. sem er 8,5% minna en áætlað var. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 0,8% og námu 8,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 1% undir áætlun. Tölur um tóbakssölu á fyrstu níu mánuðum ársins sýna nokkurn samdrátt í sölu sigarettna, vindla og neftóbaks en aukningu í sölu reyktóbaks. Sala á áfengi hefur dregist lítillega saman frá því í fyrra eða um 0,3% (mælt í vínanda).

Aðrir skattar námu 4,3 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,1% yfir áætlun fjárlaga. Þar af nam útvarpsgjald 2,3 ma.kr. og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,7 ma.kr. Tryggingagjöld námu 50,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 4,1% aukning frá því í fyrra en 2,1 ma.kr. eða 4,0% undir áætlun. Almenna tryggingagjaldið nam 25,1 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið nam 14,5 ma.kr.

Aðrar tekjur á tímabilinu en skatttekjur og fjárframlög námu 32,4 ma.kr. en það er 6,1 ma.kr. yfir tekjuáætlun og 17,4% aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærstu tekjuliðirnir fyrir utan skatttekjur eru annars vegar arðgreiðslur og hluti ríkissjóðs af tekjum ríkisfyrirtækja, sem námu 5,6 ma.kr. og hins vegar vaxtatekjur, sem námu 10,7 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 9,1 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 3,3 ma.kr. og því sérstaka 5,8 ma.kr.

**Greidd gjöld** námu 412,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 10,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,6%. Þróun á útgjöldum einstaka málaflokka var misjöfn en hér á eftir er frekari greining á breytingu á útgjöldum hvers málaflokks á milli ára og helstu þættir dregnir fram.

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 54,9 ma.kr. og dragast saman á milli ára um 2,2 ma.kr. sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 12,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem



áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 25,6 ma.kr. og jukust um 2,7 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 99,6 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 3,4 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 2,7 ma.kr. milli ára og námu 46,5 ma.kr. á tímabilinu sem var í samræmi við áætlanir. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 9,2 ma.kr. á tímabilinu og voru svipaðar og á fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 13,6 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 3,1 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,8 ma.kr. og drógust saman um tæpa 6 ma.kr. sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013. Þá námu greiddar barnabætur 7,7 ma.kr. og voru tæpum 2 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012. Útgjöld Fæðingaorlofssjóðs námu 6,3 ma.kr. og jukust um rúmar 400 m.kr. milli ára en voru innan heimilda.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-september 2011-2013**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	85.885	91.862	92.879	7,0	1,1
Þar af vaxtagreiðslur	51.725	57.080	54.860	10,4	-3,9
Varnarmál	1.087	796	849	-26,7	6,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	14.184	15.722	16.241	10,8	3,3
Efnahags- og atvinnumál	39.928	39.881	40.970	-0,1	2,7
Umhverfisvernd	3.414	3.610	3.898	5,8	8,0
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	290	171	504	-40,9	194,3
Heilbrigðismál	84.703	88.134	94.474	4,1	7,2
Menningar-, íþrótt- og trúmál	11.889	12.040	13.336	1,3	10,8
Menntamál	35.385	37.836	39.984	6,9	5,7
Almannatryggingar og velferðarmál	106.191	103.013	99.571	-3,0	-3,3
Óregluleg útgjöld	8.528	9.008	9.761	5,6	8,4
<b>Gjöld alls</b>	<b>391.484</b>	<b>402.075</b>	<b>412.468</b>	<b>2,7</b>	<b>2,6</b>

Útgjöld til heilbrigðismála námu 94,5 ma.kr. og jukust um 6,3 ma.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 30,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,4 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 3,6 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 11,4 ma.kr. og jukust um tæpar 900 m.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 22,8 ma.kr. og jukust um 1,2 m.kr. milli ára og voru 1,3 ma.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 14,7 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um tæpar 400 m.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 1,1 ma.kr. á milli ára og námu tæpum 41 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 13,3 ma.kr. og greiðslur til landbúnaðarframleiðslu sem námu samtals tæpum 9 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld til menntamála námu um 40 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og voru rúmum 2 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,1 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 8,8



ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um rúmar 700 m.kr. frá fyrra ári. Útgjöld vegna annarra háskóla námu tæpum 5 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 16,2 ma.kr. og jukust um 894 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menningar- íþróttá og trúmála námu 13,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 1,3 ma.kr. Helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 2,4 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 3,8 ma.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 16,2 ma.kr. og jukust um 519 m.kr. milli ára. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,7 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,8 ma.kr. Útgjöld Ríkislögreglustjóra námu rúmum 1 ma.kr. og jukust um 105 m.kr. milli ára. Samanlögð útgjöld annarra löggæsluembætta námu 1,7 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Útgjöld Héraðsdómstóla námu rúmum 1 ma.kr. og útgjöld Sérstaks saksóknara rúmum 900 m.kr. Þá námu útgjöld Fangelsismálastofnunar ríkisins 1,1 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld til umhverfisverndar námu tæpum 4 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Helstu útgjaldapættir málaflokksins eru útgjöld Endurvinnslunnar sem námu 1,1 ma.kr., útgjöld Umhverfisstofnunar sem námu 708 m.kr. og útgjöld Úrvinnslusjóðs sem námu 581 m.kr. Útgjöld til varnarmála námu 849 m.kr. á tímabilinu og jukust um 53 m.kr. á milli ára. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 504 m.kr. og jukust milli ára um 333 m.kr. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 331 m.kr. sem greiddust ekki á árinu 2012. Óregluleg útgjöld námu 9,8 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 7,6 ma.kr. og jukust um 584 m.kr. milli ára og greiddur fjármagnstekjuskattur nam 2,1 ma.kr. og dróst saman um 267 m.kr. milli ára.

**Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs.** Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 50,4 milljarða króna í lok 3ja ársfjórðungs en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 72,8 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárfamlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins námu 86,7 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar erlendar afborganir námu að jafnvirði 4,9 milljörðum króna.

Á fyrstu níu mánuðum ársins hafði ríkissjóður gefið út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 85 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 85,1 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 19,9 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárfárlausningar Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um 20,3 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 17,8 ma.kr. í lok september vegna styrkingar krónu frá áramótum.